

Leiðarvísir Minjastofnunar um gerð viðbragðsáætlunar við vá í friðlýstum kirkjum

MINJASTOFNUN ÍSLANDS

NATHALIE JACQUEMINET



Minjastofnun
Íslands

© 2020
Nathalie Jacqueminet

Öll réttindi áskilin
ISBN
978-9935-9403-9-1

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

Postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Innihald

Inngangur	3
Fyrsta skrefið: Að búa til kirkjugripaskrá	4
Kirkjugripaskrá	4
Kirkjugripaskrá: leiðbeiningar	4
Skref 2: Að meta áhættu	5
Áhættumat	5
Næmi kirkjugripa fyrir tjóni	5
Staðsetning og geymslustaður kirkjugripa	5
Áhættumat: leiðbeiningar	6
Skref 3: Fyrirbyggjandi aðgerðir	7
Úrbætur til að koma í veg fyrir / takmarka áhættu	7
Leiðbeiningar	7
Skref 4: Gerð viðbragðsáætlunar	9
1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar	9
2. Upplýsingar um almannavarnastig	9
3. Símbóðatré	10
4. Byggingarupprættir af öllum hæðum	10
5. Rýmingaráætlun	11
6. Viðbragðsaðgerðir	11
7. Listi yfir búnað og birgðir	11
8. Forgangslisti fyrir björgun kirkjugripa	11
9. Leiðbeiningar um björgun kirkjugripa	11
10. Tilkynningar um tjón	11
11. Forgangslisti yfir aðgerðir eftir tegund vár	11
11. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks	12
12. Upplýsingar um stöðu úrbóta	12
Skref 5: Björgun	13
Hverjir geta hjálpað?	13
Mat á ástandi kirkjugripa eftir vá	14
Ástandsskoðun	14
Skref 6: Endurreisn	16
Viðauki 1: Listi yfir búnað og birgðir	17
Viðauki 2: Viðbragðsáætlun: beinagrind/eyðublað	18

Inngangur

Markmið með útgáfu leiðarvísa er að hjálpa ábyrgðaraðilum forráðamönnum kirkna að vera vel í stakk búnir að bjarga menningarverðmætum ef og þegar vá skellur á. Plaggið fjallar ekki um öryggi manna — sem á alltaf að vera í forgangi — en mikilvægt er að hver kirkja eigi öryggishandbók þar sem lýst er hvernig eigi að bregðast við hættuástandi eða vá (s.s. eldi og jarðskjálftum) og bjarga fólki úr kirkjunni ef til kemur.

Sjá: [6.079 Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og Minjastofnunar um brunavarnir í friðlýstum kirkjum](#) á heimasíðu Minjastofnunar.

Neyðarástand getur skapast við mismunandi aðstæður og hafa þær mikil áhrif á þær viðbragðsaðgerðir sem grípa skal til. Sem dæmi um aðstæður þegar neyðartilvik koma upp má nefna:

- Kirkjan er opin og athöfn er í gangi eða margt fólk er í byggingunni (t.d. gestir/ferðamenn sem eru að skoða kirkjuna. Starfsmenn/ábyrgðaraðilar kirkjunnar eru þá á staðnum).
- Kirkjan er lokuð og mannlaus.
- Kirkjan er lokuð fyrir almenningi og unnið er við framkvæmdir. Iðnaðarmenn eru á staðnum en enginn starfsmaður kirkjunnar sjálfur er til staðar.
- Kirkjan er lokuð fyrir almenningi en starfsmenn/ábyrgðaraðilar eru að vinna í henni. Mikilvægt er að taka tillit til þessara aðstæðna við gerð viðbragðsáætlunar.

Viðbragðsáætlun er tilbúin þegar eftirfarandi atriði liggja fyrir:

- hverjir eiga að taka þátt í viðbragðsáætlun og hvert er hlutverk þeirra
- röðun vategunda eftir mikilvægi fyrir kirkjuna
- ákveðnar aðstæður sem valda hættu fyrir kirkjugripir
- nokkrar grundvallarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka vá

Menningararfur

Friðlýstar kirkjur eru mikilvægur hluti af menningararfi Íslendinga ásamt fjölda kirkjugripa sem þar eru geymdir. Fjölbreytni einkennir kirkjur landsins og kirkjumuni hvað varðar menningarsögulegt og listrænt gildi og það hversu ólíkar og misviðkvæmar kirkjurnar og gripirnir eru fyrir tjóni eftir staðsetningu, byggingargerð, ástandi, aldri, stærð kirknanna og tegund kirkjugripanna. Kirkjugripir eru skilgreindir í tveimur flokkum: fastir gripir/húsgögn sem eru hluti af kirkjunni og lausir gripir.

Hvers konar gripir finnast í kirkjum landsins og hvert á að leita eftir ráðgjöf?

Lausir kirkjugripir * til Þjóðminjasafns Íslands				Fastir kirkjugripir *til Minjastofnunar
			*ekki tæmandi, **sjaldgæft	
Altari	Hökull	Ljósaöx, skarbítur	Prestaspaði	Hurðarhringur
Altarisbrún	Klukkur	Minningarskjöldur	Rykkilín	Kirkjubekkir
Altarisklæði	Kaleikur	Minningartafla	Skírnarfát	Minningartafla
Altarissteinn**	Kertagrind**	Moldunarker	Skírnarvatnskanna	Innbyggt orgel
Altaristafla	Kross	Oblátuöskjur	Stjakar	Predikunarstóll
Armstjaki	Líkan af seglskipi	Orgel	Vínkútur	Tréútskurður
Blómavasi	Líkneski	Patína	Vínflaska	Veggmálverk (fresco)
Fyrirbrík	Ljósahjálmur	Patínudúkur	Himinn yfir predikunarstól	
Grafskrift	Ljósaplata	Perlukrans		



Fyrsta skrefið: Að búa til kirkjugripaskrá

Kirkjugripaskrá

Kirkjugripaskrá er listi yfir muni/byggingarhluta sem eru varðveittir í kirkju á hverjum tíma (ekki þá muni sem eru varðveittir á söfnum og ekki eignir sem auðvelt er að endurnýja). Sumir kirkjugripir hafa mikið varðveislugildi vegna aldurs og sögu, aðrir ekki, t.d. nýlegir fjöldaframleiddir gripir.



Kirkjugripaskrá: leiðbeiningar

Nánast ógerlegt er að leggja niður fyrir sér forgang björgunar meðan á björgun stendur og því er afar mikilvægt að kirkjugripaskrá með lágmarkslýsingum og upplýsingum um **varðveislugildi** gripanna sé til.

- Styðjist við upplýsingar úr bókunum [Kirkjur Íslands](#).¹
- Notið töfluna fyrir neðan.
- Skráin verður ávallt að vera aðgengileg. Geymið hana á fleiri en einum stað, t.d. í kirkju, hjá presti, hjá sóknarnefndarmönnum.
- Látið Þjóðminjasafn Íslands/Minjastofnun fá afrit af skránni.
- Uppfærið hana eftir þörfum.
- Ljósmyndir af gripum auðvelda notkun skrárinnar.

Dæmi um kirkjugripaskrá í vinnslu:

Varðveislugildi:* 1 til 3 (hátt)

Staður:		Skrásetjari:	Dagsetning:	
Heiti	Lýsing (t.d. efni, gerð, aldur)	Staðsetning í kirkjunni eða geymslustaður	Varðveislugildi:*	Forgangsröð björgunar
Altari			3	
Altarisdúkur	<i>Hvítur, hör, handsaumaður 1940</i>	<i>Á altarinu</i>	2	
Altariskæði	<i>Rautt, flauel, nýlegt</i>			
Altaristafla	<i>Máluð á timbur</i>	<i>Fyrir ofan altari</i>		
Armstjaki	<i>Málmur, gamalt (circa 1800)</i>	<i>Í skápnum í altari</i>	2	
Armstjaki	<i>Fjöldaframleiðsla, keyptur 2002 í Bretlandi</i>	<i>Á altarinu</i>	1	
Blómavasi	<i>Postulín</i>	<i>Í skápnum</i>	1	
Ferðakarleikur/	<i>Tin, tréhyliki, 19. öld eða fyrr</i>			
Kaleikur og patína	<i>úr silfri, íslenskur</i>			
Hökull	<i>Rauður, mjög gamall</i>	<i>Á herðatré í kirkjunni</i>	3	
Hökull	<i>Blár, 1870</i>		2	
Kross	<i>Timbur, gamalt</i>	<i>Á veggnum</i>	1	
Líkan af seglskipi	<i>Timbur, 1940, útlenskt</i>	<i>Hangir í loftinu, óaðgengilegt nema með stiga</i>	3	
Ljósahjálmur 1	<i>Kopar, 1660</i>			
Ljósahjálmur 2		<i>Á veggnum</i>	3	
Minningarskjöldur	<i>Silfur, 1845</i>			
Minningartafla				
Oblátuöskjur				
Patínudúkur				
Söngtafla	<i>Timbur, 1924</i>	<i>Á veggnum</i>	2	
Útskorið kórþil	<i>Timbur, 1850 (upprunalegt)</i>	<i>Á milli kórs og framkirkjunnar</i>	3	

Athugið að þessi tafla er dæmi fyrir eina kirkju. Varðveislugildi einnar tegundar gripa getur verið mismunandi eftir kirkjum. Til dæmis getur söngtafla haft mikið varðveislugildi á einum stað en lítið á öðrum. Kirkjugripaskráin gefur innsýn í þau verðmæti sem er að finna í kirkjunni.

¹ Upplýsingar um allar friðlýstar kirkjur er að finna í [Kirkjur Íslands](#), 31 bindi, 2001-2018.



Skref 2: Að meta áhættu

Áhættumat

Áhættumat er greining á áhættu sem getur komið upp. Matið nýtist til að draga fram þá áhættuþætti og ógnir sem kirkjan stendur frammi fyrir eftir hverri tegund vá um sig og til draga úr áhættu hvar sem hægt er. Áhættumatið getur nýst sem rökstuðningur við að sækja um fjárstyrki úr ýmsum sjóðum.

Í áhættumati þarf einnig að meta hversu viðkvæmir kirkjugripirnir eru vegna ástands, lögunar og efniviðarins sem þeir eru gerðir úr. Hér á eftir eru teknar saman helstu tegundir tjóns sem gripir geta verið næmir fyrir.

Næmi kirkjugripa fyrir tjóni

Af völdum elds

Allir kirkjugripir eru viðkvæmir fyrir eldi. Viðkvæmstu gripirnir eru þeir gerðir úr pappír, timbri (málaðir gripir, s.s. altariistöflur, eru sérstaklega viðkvæmir vegna þess að málningarlagið er þunnt) og síðan textílar.

Af völdum jarðskjálfta

Það hversu kirkjugripir eru næmir fyrir tjóni af völdum jarðskjálfta fer eftir stærð skjálftans, hve lengi hann stendur yfir, fjarlægð kirkjunnar frá skjálftamiðju, gerð byggingarinnar, eðli þeirra jarðmyndana sem undirstöður byggingarinnar hvíla á og undirbúningi ábyrgðaraðila.

Jarðskjálftar geta skemmt gripi, rispað þá við núning, brotið eða mölvað, og jafnframt skemmt eða eyðilagt sjálfa bygginguna. Í kjölfar jarðskjálfta geta komið aurskriður eða vatnsflóð og gripir þá jafnvel grafið undir rústum bygginga sem hrynja. Eldvirkni getur fylgt í kjölfar jarðskjálfta. Næstum allar skemmdir sem taldar eru upp varðandi eldsvoða, flóð og aðra vá sem hér er fjallað um geta einnig átt við um jarðskjálfta.

Af völdum ofviðris, foks, roks

Rok getur valdið verulegum hreyfiskaða (við tilfærslu, högg eða núning) vegna vindofsa, hreyfingar á byggingum og byggingarskemmda. Viðkvæmstu gripirnir eru: brothættir gripir (s.s. gler, keramik, postulín), málverk, rammaðar myndir og líkneski.

Af völdum eldgosa

Tærandi og súr eldfjallaaska getur sest á óvarða kirkjugripi.

Af völdum veitubilana (rafmagnsleysis, straumrofs)

Skemmdir geta orðið í kirkjum þar sem neyðarlýsingu vantar er ábótavant og þar sem skortir góð viðvörunarkerfi með varaorkugjöfum.

Staðsetning og geymslustaður kirkjugripa

Þegar kirkjugripir eru ekki í notkun:

- Geymið ekki gripina í rýmum sem er sérlega hætt við skemmdum, svo sem á háaloftum eða í kjöllum.
- Geymið verðmæta gripi í góðum sýrufríum umbúðum.
- Komið smágerðum kirkjugripum og brothættum gripum fyrir í skúffum, smákössum eða skápum.
- Skráið upplýsingar um geymslustað í kirkjugripaskrá.

Áhættumat: leiðbeiningar

Til að greina áhættu þarf að:

- safna upplýsingum um fyrri neyðartilvik og ræða við þá sem hafa starfað lengst í kirkjunni
- komast að því hvort og hversu oft sérhver vategund hefur valdið erfiðleikum í kirkjunni
- nota upplýsingar sem er að finna á heimasíðu Almanna- og kirkjunnar um áhættumat fyrir svæðið sem kirkjan er á
- nota eyðublaðið (Leiðarvísir-viðbragðáætlun-kirkjur-skjal2-eyðublað) sem er að finna á heimasíðu Minjastofnunnar
- lesa eftirfarandi lista yfir áhættuþætti og ákvarða hvort atriðin eiga við um þá tilteknu aðstöðu sem verið er að meta
- ákveða fyrstu viðbrögð

Ath.! Stundum er hægt að bregðast við viðvörðun áður en kirkjumunir verða fyrir tjóni.

Dæmi um áhættumat í vinnslu:

*1:

lítið – 5: mikið

Aðstæður	Áhætta	Áhættu- stig 0-5	Fyrstu viðbrögð ábyrgðaraðila <i>Hafa samband við minjavörð svæðisins</i> (Minjastofnun Íslands)
Eldgos (aurskriður)	Vatnsskemmdir, hrún bygginga	0	Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingar Íslands
Eldgos (öskufall)	Allt umhverfið breytist við öskufall. Kornin í gosösku eru hörð, mjög hrjúf, geta valdið tæringu	3	Breiða yfir kirkjugripina Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingar Íslands
Eldgos (hraunrennsli)	Bruni, hrún byggingarhluta	0	Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingar Íslands
Eldsvoði (uppruni að innan/utan)	Sót, bruni, vatnsskemmdir, mygla	5	Mikil hætta, flytja þarf kirkjugripina á annan stað
Fárvirði	Vatnsskemmdir, mygla	4	Lyfta kirkjugripum frá gólfi Breiða yfir þá
Snjóflóð	Hrún byggingarhluta, vatnsskemmdir	0	Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingar Íslands
Jarðskjálftar	Hrún byggingarhluta	3	Meta skemmdirnar Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingar Íslands
Mótmæli og hryðjuverk		0	
Skemmdarverk	Veggjakrot	2	Hafa samband við minjavörð svæðisins og forvörð
Óhapp (samgöngur), t.d. bíll keyrði á kirkjuna	Eldsvoði, hrún bygginga	1	
Óhapp — spilliefni, t.d. vörubíll með kemísk efni valt	Olíumengun, sprenging	1	Meta stöðuna
Sprengingar (byggingarvinna á svæðinu)	Skjálftar, hrún bygginga	1	
Vatnsflóð — bilun í vatnsleiðslum Vatnsskemmdir/ innanhúsleki	Vatnsskemmdir, mygla	5	Mikil hætta, flytja þarf kirkjugripina á annan stað Setja blásara með köldu lofti í kirkjuna

Ítarefni: <https://www.vedur.is/ofanflod/haettumat/>



Skref 3: Fyrirbyggjandi aðgerðir

Úrbætur til að koma í veg fyrir / takmarka áhættu

Almennt viðhald er besta forvarnarleiðin. Síðan er mikilvægt að gera sér ljóst hverjir geta komið að björgunarstarfi og hvaða tæki og tól þurfa að vera til staðar/aðgengileg.

Leiðbeiningar

Almennt

- Haldið runnum, laufi, trjám og rusli í hæfilegri fjarlægð frá byggingunni
- Hafið reglulegt eftirlit með grunni, veggjum, gluggum, þökum, þéttingum við dyr, pípulögnum, úðakerfum, þakrennum og öðrum byggingarhlutum.
- Takið ónauðsynlegan búnað úr sambandi á kvöldin og þegar enginn er í kirkjunni.
- Yfirfarið allar neyðarbirgðir og -búnað einu sinni á ári (sjá neyðarkistu á bls. 17).
- Tryggið að allar leiðir, gangar og dyr séu hindrunarlaugar.
- Komið fyrir neyðarljósum með rafhlöðum við rafmagnstöflur, eldvarnar- og öryggistöflur og við rýmingarleiðina.
- Haldið skrá yfir vandamál sem upp koma.

Dæmi um ráðstafanir við eftirfarandi vá og úrbætur

Skrifið niður hvaða úrbóta er þörf

Áhættur	Fyrirbyggjandi aðgerðir	Úrbætur (dæmi)
Eldgos (þ.m.t. aurskriður)	Flytjið kirkjugripina á annan stað ef tíminn leyfir.	
Eldgos (öskufall)	Breiðið yfir kirkjugripina (sjá yfirbreiðslur á bls. 17). Reynið að halda rakastiginu lágu. Aftengið allan rafbúnað nema nauðsynlegan neyðarbúnað. Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi kirkjunnar og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga. Útvegið ryksugubúnað með vatnssíukerfi og heimilisryksugur með hepa-síum.	<i>Kaupa yfirbreiðslur, athuga hvaðan við gætum fengið ryksugubúnað með vatnssíukerfi</i>
Eldgos (fljótandi hraun)	Flytjið gripina úr kirkjunni ef tími leyfir.	<i>Finna stað í nágrenni</i>
Eldsvoði (upptaka að utan: reykur, sótt)	Breiðið yfir kirkjugripina (sjá yfirbreiðslur á bls. 17). Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi kirkjunnar og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga.	<i>Kaupa yfirbreiðslur</i>
Eldsvoði (upptaka að innan)	Sjá: 6.079 Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og Minjastofnunar um brunavarnir í friðlýstum kirkjum á heimasíðu Minjastofnunar.	<i>-Lesið þlaggið -Merkja rafmagnstöfluna</i>
Fárvirði (fjölbreytilegasta váin) getur valdið eldsvoða, flóðum og hruni bygginga og þar með stofnað mannlífum í hættu og skaðað kirkjugripina — auk sprenginga, spilliefnaslysa, samgönguslysa og veitubilana	Gætið þess sérstaklega að byggingin sé tryggilega fest við grunninn. Forðist að geyma viðkvæma gripa í viðkvæmum sögulegum byggingum, sem og á háloftum eða í kjöllum. Festið allar girðingar og skúra eða viðbyggingar við bygginguna og í jörð. Setjið límband yfir glerrúður til að draga úr hættu á að þær brotni.	<i>Geyma límband í kirkjunni</i>

<p>Jarðskjálftar og hrun byggingarhluta</p>	<p>Fáið byggingaeftirlitið til að skoða bygginguna ef vart verður við vandamál eins og sprungur eða veika burðarbita, gólfsig eða sigin loft.</p> <p>Leitið aðstoðar hjá byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags.</p> <p>Greinið áhættu vegna nærliggjandi bygginga eða trjáa. Sagið burt dauðar trjágreinar. Festið nálæg tré með stagvírurum ef þörf krefur.</p> <p>Gangið úr skugga um að kirkjugripir sem eru hengdir á vegg séu vel festir með góðum festingum. Mælt er því að nota sérstakir öryggiskróa sem auka öryggi.</p>	<p><i>Nýbúið að skoða (mars-2020)</i></p> <p><i>Athuga þetta næsta vor</i></p>
<p>Vatnsflóð</p>	<p>Kynnið ykkur hversu hátt grunnvatn stendur þegar flóð verða.</p> <p>Athugið frárennsli frá byggingunum.</p>	<p><i>Eftir að athuga</i></p> <p><i>Athuga merkingar á inntökum</i></p>
<p>Veitubilun</p>	<p>Yfirfarið allar aðveitur eftir reglulegri áætlun.</p> <p>Notið viðbragðsáætlun kirkjunnar og komið á fundi með stjórnendum veitna í héraðinu til að tryggja að umsjónarmenn kirkjunnar verði varaðir við fyrirhuguðum eða líklegum veitutrufunum.</p> <p>Látið setja einstefnuloka í vatnslása við fráveitu í byggingunum til að koma í veg fyrir að flóðvatn komi upp um fráveiturör.</p> <p>Geymið aukabirgðir af rafmagnsöryggjum, ljósaperum o.þ.h. nærri þeim stöðum þar sem þeirra erþörf.</p>	

Í öllum tilfellum er mikilvægt að vera með áætlun um:

- hvert eigi að fara með gripina ef þyrfti að flytja þá úr kirkjunni,
- hvernig ætti að flytja þá til að koma í veg fyrir að þeir skemmist í flutningum (t.d. ef veðurfarið er óhagstætt).



Skref 4: Gerð viðbragðsáætlunar

Í viðbragðsáætlun skulu koma fram upplýsingar sem hafa safnast saman í skrefum 1 til 3. Varðandi almennar öryggisráðstafanir og varnarviðbrögð við náttúruvá vísast í Almannavarnir (www.almannavarnir.is).

Viðbragðsáætlunin á að vera skýr, einföld, sveigjanleg og í takt við tímann. Hún skal lýsa þeim megin-aðgerðum og úrræðum sem beitt verður og þeim stofnunum/einstaklingum sem leitað verður til. Viðbragðsáætluninni á að dreifa til allra meðlima viðbragðsteymisins sem skulu geyma plaggið bæði heima hjá sér og á skrifstofum sínum til að tryggja greiðan aðgang að áætluninni hvenær sem er. Til að ákvarða hversu margir eigi að vera í teyminu skal litið til umfangs gripanna og fjölbreytni, næmi fyrir tjóni, staðsetningu í kirkjunni, forgangsröðunar og björgunaraðgerða.

- Metið hversu langan tíma tæki að flytja burt kirkjugripina ef hættuástand kæmi upp (jarðskjálfti, eldsvoði, flóð, ofviðri eða eldgos).
- Er líklegt að flytja þyrfti gripina milli bygginga eða á annan stað? Hvert?
- Hver eru umhverfis- og öryggisskilyrði þess rýmis?
- Hvernig yrði gripunum pakkað, þeir skjalfestir (listi) og fluttir?

Viðbragðsáætlun inniheldur:

1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar
2. Almannavarnastig
3. Símbóðatré
4. Byggingaruppdrættir af öllum hæðum
5. Rýmingaráætlun
6. Viðbragðsaðgerðir
7. Listi yfir búnað og birgðir
8. Forgangslisti fyrir björgun kirkjugripa
9. Leiðbeiningar um björgun kirkjugripa
10. Forgangslisti yfir aðgerðir eftir tegund vár
11. Tilkynningar um tjón
12. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit
13. Upplýsingar um stöðu úrbóta

1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar

Einfaldar upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar: númer (t.d. útgáfa 1.0) , ártal, ábyrgðamaður, og jafnvel staðan ef hún er ekki fullkláruð.

2. Upplýsingar um almannavarnastig

Grænt: óvissustig

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

Gult: hættustig

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum, þó ekki svo alvarlega að um neyðarástand sé að ræða.

Rautt: neyðarstig

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið.

3. Símbóðatré

Þrátt fyrir að í flestum landshlutum þekkest íbúar vel þarf líka að íhuga að óhöpp geta orðið þegar flestir heimamenn eru í fríi og sumarstarfsmenn eða afleysingafólk er að vinna. Allir starfsmenn verða að vera meðvitaðir um hlutvert sitt.

Símbóðatréd getur reynst mikilvægasta skjal viðbragðsáætlunarinnar. Þar eru skráðir tengiliðir hjá slökkviliði, sjúkrahúsum, lögreglu, meðlimum viðbragðsteymisins og varamönnum þeirra, þar sem fram kemur eftirfarandi:

Dæmi:

Nafn:	Áætlaður viðbragðstími:
Símanúmer:	Annað t.d. kalltækjanúmer, Skype, Facebook
Netfang:	Sérhæfð færni:
Heimilisfang:	

Eða

Vá		Nafn	Sími og annað	Aðili sérhæfð færni/hlutverk	Viðbragðstími
Í öllum tilfellum	Hringja alltaf fyrst í :	Séra Jón Jónsson	S: 630 12 12 Facebook:	Prestur og sóknarnefnd	
Í öllum tilfellum		Minjavörð		Sóknarnefndarfulltrúi	
				Tryggingarfélag	
Eldsvoði	Hringja alltaf fyrst í :		112	Slökkviliðsstjóri	
Náttúruhamfarir	Hringja alltaf fyrst í :		112		
Veitubilun				Pípulagningamaður	
				Rafvirki	
Annað				Flutningafyrirtæki	
				Forvörður	
				Trésmiður	
				Nágranni	
				Sjálfbóðaliði	



Ef um stóra kirkju er að ræða á að skipuleggja símbóðtréd þannig að hver starfsmaður hringi í nokkra aðra þegar vá ber að höndum, svo að teymisstjórinn geti einbeitt sér að viðbragðsaðgerðum.

Hentugt getur verið að stofna Facebook-hóp (eða svipaðar upplýsingarleiðir) með öllum aðilum sem koma að björgunaraðgerðunum þegar því verður við komið.

4. Byggingaruppdrættir af öllum hæðum

Í viðbragðsáætluninni eiga að vera í heild sinni byggingaruppdrættir fyrir allar hæðir kirkjunnar, einnig háaloft og kjallara. Koma skal fram hvar eftirfarandi atriði eru staðsett:

- inntaksrofar rafmagns og rafmagnstöflur
- inntaksrofar fyrir aðveitur (heitt og kalt vatn)
- sjúkrakassa
- reykskynjarar, slökkvitæki og slökkvibúnaður
- öryggiskerfi
- búnaður til viðbragðsaðgerða (t.d. neyðarkista)

Hentugt getur verið að nota tákn t.d.:



5. Rýmingaráætlun

Hér skal hafa teikningar/byggingaruppdrætti (stærð: A4) af öllum hæðum sem sýna hvernig á að rýma kirkjuna og stuttan texta með.

6. Viðbragðsaðgerðir

Hér skal lýsa aðgerðum við ýmsar aðstæður, t.d.:

Eldur

- Lýsið hvað skal gera ef vart verður við reyk eða eld.

Rafmagnstruflun

- Setjið inn ljósmyndir af aðalrafmagnstöflunni og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera til að slökkva á rafmagni eða setja það af stað.

Vatnsleki

- Setjið inn ljósmyndir af vatnsinnstökum fyrir heitt og kalt vatn og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera.
- Einnig er gott að nefna hvenær á að hafa samband við tryggingafélag.

7. Listi yfir búnað og birgðir

Sjá viðauka á bls. 17.

8. Forgangslisti fyrir björgun kirkjugripa

Sjá bls. 4.

9. Leiðbeiningar um björgun kirkjugripa

Sjá bls. 13.

10. Tilkynningar um tjón

Tilkynna skal allt tjón á friðlýstum kirkjum til minjavarðar svæðisins (Minjastofnun Íslands). Séu skemmdirnar af völdum náttúruvár ber einnig að tilkynna þær til Náttúruhamfaratrygginga Íslands. Í tilfelli jarðskjálfta skal óska eftir úttekt fagmanna á undirstöðum og burðargrind byggingar, enda þótt engar skemmdir séu sjáanlegar á yfirborðinu.

11. Forgangslisti yfir aðgerðir eftir tegund vár

Eftir vatnstjón

- Ef vatn hefur flætt inn eða lekið og rakastig er mjög hátt í kirkjunni og/eða ef gólfíð/gólfefnið er blautt:
- Fjarlægja verður kirkjugripi sem fyrst og í rétttri forgangs röð því að flestum gripum (trégripum, málverkum, textílum og pappírsvörkum) verður að bjarga innan tveggja sólarhringa eigi að vera hægt að komast hjá alvarlegum skemmdum.

Eftir eldsvoða

- Reynið ekki að hreinsa kirkjugripi sem eru sótugir, sem rýkur af eða sem eru skemmdir af bruna.
- Komið þeim í umsjón forvarðar.

Eftir öskufall

- Nauðsynlegt er að byrja á að hreinsa kirkjuna að utan og hindra eins og kostur er að aska komist inn

- Hreinsið ösku af þökum, úr þakrennum og niðurföllum því að hún getur orðið svo þung að byggingar eða byggingarhlutar hrynji.
- Haldið dyrum og gluggum lokuðum.
- Hafið loftið þurrt.
- Setjið mottur utan við dyr hússins svo að aska berist ekki inn með skóm.
- Komið fyrir plastdúkum á gólfum við alla innganga og glugga til að hindra að aska berist inn.
- Ryksugið* allt eins vel og kostur er.

11. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks

Sjá bls. 15.

12. Upplýsingar um stöðu úrbóta

Sjá bls. 7,8.



Skref 5: Björgun

Hverjir geta hjálpað?

- Starfsmenn byggðasafna, bókasafna, skjalasafna í heimabyggð; þeir hafa þekkingu á öryggismálum menningararfs sem getur komið að gagni.
- Sérfræðingar Minjastofnunar (minjavörður) og Þjóðminjasafns Íslands.
- Forverðir með viðurkennda menntun; þá er að finna á heimasíðu nkf.is.
- Sjálfboðaliðar undir eftirliti.
- Björgunarsveitir.

Fyrstu skref björgunar

- Byrjið á kirkjugripum sem merktir eru forgangi.
- Handleikið gripi með gát.
- Eyðið sem minnstri vinnu í hvern hlut. Bjargið sem flestum gripum.
- Reynið ekki flókið hreinsi- eða meðferðarferli meðan á björgun stendur. Ráðgist við forverði og stöðvið frekari skemmdir með því að láta gripi þorna hægt á köldum stað.
- Hafið samband við minjavörð svæðisins (Minjastofnun Íslands), tryggingafélag og/eða Náttúruhamfaratryggingar Íslands, ef um tjón að völdum náttúruhamfara er að ræða. <https://nti.is/um-vidlagatryggingu-islands/natturuhamfaratryggingar/>.
- Geymið verðmæta gripi í góðum sýrufríum umbúðum.
- Komið smágerðum kirkjugripum og brothættum gripum fyrir í skúffum, smákössum eða skápum.

Ástand kirkjugripa eftir vá

Eftir vá geta gripirnir verið:

- í óbreyttu ástandi,
- að byrja að skemmast vegna raka, sóts eða öskulags,
- skemmdir.



Skemmdir eru ekki alltaf sýnilegar strax, heldur geta t.d. sprungur myndast á máluðum trégripum (t.d. altariistöflum og predikunarstólum) á næstum mánuðum, eftir atvikum, ef rakastig hefur hækkað verulega og síðan lækkað hratt (t.d. við notkun öflugra hitablásara).

Gripur sem virðist vera í óbreyttu ástandi getur hafa orðið fyrir tjóni sem kemur í ljós löngu síðar, jafnvel eftir einhver ár.

Mælt er með að hafa samband við forvörð strax til að fá ráðgjöf.

Gersemar

Í kirkjum landsins er að finna mjög gamla gripi (frá því fyrir 1900) sem þarf að huga að sérstaklega. Hafið samband við Þjóðminjasafn Íslands til að fá ráðgjöf um hvernig er best að huga að einstökum gripum.

Flutningur gripa úr kirkjunni

- Notið lista um forgang björgunar og skráið hvert gripirnir hafa verið fluttir.
- Litla lausa gripi er auðvelt að flytja á öruggan stað.

- Stóra eða fasta gripur (predikunarstóla, tréútskurð, altaristöflur...) er flóknara að flytja. Mikilvægt er að meta hvort nauðsynlegt er að flytja þá úr kirkjunni.

Mat á ástandi kirkjugripa eftir vá

Eftir vá geta gripirnir verið:

- í óbreyttu ástandi,
- að byrja að skemmast vegna raka, sóts eða öskulags,
- skemmdir.



Gripur sem virðist vera í óbreyttu ástandi getur hafa orðið fyrir tjóni sem kemur í ljós löngu síðar, jafnvel eftir einhver ár. Skemmdir eru ekki alltaf sýnilegar strax, heldur geta t.d. sprungur myndast á máluðum trégripum (t.d. altaristöflum og predikunarstólum) á næstum mánuðum, eftir atvikum, ef rakastig hefur hækkað verulega og síðan lækkað hratt (t.d. við notkun öflugra hitablásara).

Ástandsskoðun

- Takið myndir af gripunum sem sýna ástand þeirra (framhlið, bakhlið, nærmyndir eftir þörfum).
- Notið ávallt nítrílhanska til að meðhöndla gripina.



Forðist!



- að pakka blautum gripum í efni eða umbúðir sem geta valdið skaða (t.d. eldhúspappír sem getur skilið eftir sig för á yfirborði viðkvæmra gripa eða lokaða plastkassa sem hleypa engum raka út),
- að geyma blauta gripur of lengi í umbúðum því að þeir geta byrjað að mygla,
- að byrja að flytja stóra gripur áður en ákveðið hefur verið hvert þeir eiga að fara,
- að nota hitablásara til að þurrka kirkjuna því að með því getur mygla farið af stað (hiti + raki),
- að henda minnstu brotunum úr gripum áður en forvörður er búinn að meta hvort hægt er að nota þá.

Meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit				
Tjón vegna →	vatns	eldsvoða	öskufalls	jarðskjálfta
Tegund gripa ↓	<i>bleyta</i>	<i>sót</i>	<i>öskulag</i>	<i>rifur, brot</i>
Textílar: altarisdúkur, altariskæði, hökull, patínudúkur...	<i>Þurrka fleti á hreinu undirlagi, t.d. lakki. Hafa samband við forvörð.</i>	<i>Hafa samband við forvörð.</i>	<i>Ryksuga varlega.</i>	
Málaðir trégripir (t.d. predikunarstóll altaristafla) og málverk.		<i>Hafa samband við forvörð.</i>	<i>Blása öskulagi burt með köldu lofti.*</i>	<i>Safna saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkja þau viðkomandi grip.</i>
Aðrir trégripir: söngtafla/númeratafla, tréúrskurðir...		<i>Hafa samband við forvörð.</i>	<i>Blása öskulagi burt með köldu lofti.*</i>	<i>Safna saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkja þau viðkomandi grip.</i>
Málmur, gler, postulín, steinn, t.d. kaleikur, patína, oblátuöskjur, armstjaki, kross, ljóshjálmur, minningarskjöldur, skírnarfat.	<i>Þurrka með mjúkum tuskum eða hárblásara á lægstu hitastillingu.* Hafa samband við forvörð.**</i>	<i>Þurrka með mjúkum tuskum.* Hafa samband við forvörð.**</i>	<i>Blása öskulagi burt með köldu lofti með hárblásara á lægstu hitastillingu og þurrka síðan með mjúkum tuskum.</i>	<i>Safna saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkja þau viðkomandi grip.</i>
<i>Ekki nota vatn til að hreinsa kirkjugripa nema að höfðu samráði við forvörð.</i>				

*Gripur í góðu ástandi, yfirborð gripsins er ekki að flagna.

**Gripur í slæmu ástandi eða hann er gersemi, t.d. altarisbrík.



Skref 6: Endurreisn

Langur tími getur liðið þangað til ástandið verður aftur komið í eðlilegt horf. Mikilvægt er að tryggja öryggi gripanna á meðan verið er að meta tjón í kirkjunni og ráðast í nauðsynlegar viðgerðir.

Ef öruggur staður er ekki fyrir hendi getur verið ráðlegt að hafa samband við næsta byggðasafn og fá að geyma gripina þar tímabundið.

Sumir gripir, eins og altaristöflur, aðrir málaðir gripir úr timbri, málverk og pappírsvrk, geta skemmst ef þeir eru geymdir í húsnæði þar sem hita- og rakastig er frábrugðið því sem er í kirkjunni.

Mælt er með því að hafa samband við sérfræðinga (hjá Þjóðminjasafni Íslands, Minjastofnun, forverði) til að fá ráðgjöf um hvernig er best að geyma gripina þangað til að hægt verður að flytja þá aftur í kirkjuna.

Viðauki 1: Listi yfir búnað og birgðir

Í neyðarkistunni eiga að vera birgðir sem má grípa til við fyrstu viðbrögð. Mikilvægt er að fara yfir neyðarkistuna reglulega og endurnýja birgðir sem skemmast með tímanum, s.s. gúmmíhanska, rafhlöður og límband.

Mælt er með því að kistan sé á aðgengilegum stað, annaðhvort við inngang kirkjunnar eða í annarri byggingu í nágrenni hennar ef aðstæður leyfa. Í sumum tilfellum getur verið nóg að tilgreina hvar þessa hluti er að finna í stað þess að safna þeim saman í neyðarkistu.

Búnaður: dæmi

Lýsing	Staðsetning eða fánlegt hjá:	Athugasemdir
vatnsdælur		
hreinar ruslatunnur		
Stigi		
verkfæri		
ryksugur		
felliborð		
færanlegur ljósabúnaður		
vasaljós		
vatnsslöngur		
ruslagámur		
loftpressur		
frystigámur		
kúluplast		
plastkassar til flutninga		

Birgðir í neyðarkistu: dæmi

*þarf að endurnýja reglulega

Lýsing	já/nei	Athugasemdir
yfirbreiðslur (úr plasti, vefnaði)		
málaralímband*		
Örtrefjaklútar		
stórir ruslapokar*		
Skófla		
Gólf tuskur		
gúmmíhanskar*		
nítrílhanskar*		
kústar/fægiskúffur		
Fata		
Svampar		
tússpenni*		
vasaljós án rafhlaðna		
rafhlöður*		
Þerripappír		

Viðauki 2: Viðbragðsáætlun: beinagrind/eyðublað

Sjá eftirfarandi skjal á heimasíðu Minjastofnunnar: [Leiðarvísir-viðbragðáætlun-kirkjur-skjal2-eyðublað](#)